


FJÁRHAGSÁÆTLUN 1987 FYRIR TILRAUN Í
HAFBEIT RR. 52.

JÓNAS JÓNASSON



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

VMST-R/87005

Tilraun með fjölskyldumun og kerjaáhrif á endurheimtur laxa
úr hafbeit RR 52.

Upphaflega hét þessi tilraun "Munur á endurheimtum milli
fimm stofna og blendinga þeirra".

Eins og greint var frá í áfangaskýrslu 1 þurfti að hætta við
þessa tilraun af ýmsum ástæðum. Leifi var fengið hjá
Rannasóknaráði Ríkisins að breyta til á þann veg að gera
tilraun með fjölskyldur og kerjaáhrif á endurheimtur í haf-
beit. Greint er frá þessu í áfangaskýrslu 1 og hjálögð eru
einnig drög að þeirri tilraun (viðauki 1). Skipulag þessarar
tilraunar er unnið í samvinnu við Dr. Stefán Aðalsteinsson á
Rala.

Í þessa tilraun voru keypt og komið fyrir 20 stk af 1m²
kerjum. Kollafjarðarstöðin lagði til efni og vinnu við að
koma upp kerjunum en verkefnið kaupir kerin og fóðrara fyrir
þau.

Ráðinn var eldismaður í hálfu starfi frá 1. október til að sjá
um eldi þessara seiða.

Frankvæmd tilraunar.

Stærð allra tilraunahópa hefur verið ákvörðuð eins og segir
til um í rannsóknaráætluninni og er frumfóðrun hafin í öllum
hópunum. Frumfóðrunin er það nýhafin að litlar niðurstöður
liggja fyrir um árangur hennar. En eins og er, er árangur
viðunandi.

Yfirlit um fjármál.

Framlag frá Rannsóknarsjóði þegar greitt 474.000.00

Laun og launatengd gjöld	135.601.50	
Fóórarar	122.306.20	
Eldisker	167.200.00	
Annar kostnaður	57.045.50	

Alls	482.163.20	474.000.00
Mismunur (skuld)	8.163.20	

Meginhluti styrksins fer eins og sést til að kaupa ker og fóórarar. Til þess að tilraunaaóstæður væru sem bestar, þótti réttast að kaupa ker og einnig fóórarar fyrir þau.

Í upphaflegri styrkumsókn fyrir ári síðan var gert ráð fyrir 300.000 krónum til hrognakaupa. Veiðiréttareigendur og Kollafjarðarstöðin voru það raunsnarleg og láta í té endurgjalds-laust klaklax og hrogn þannig að þessir peningar nyttust til efla tilraunaaóstæður í Kollafirði. Af hálfu Veiðimálastofnunar hafa ekki verið greidd laun sérfræðings úr verkefninu, eins og gert var ráð fyrir styrkumsókn. Má ætla að þar sé aukið framlag Veiðimálastofnunar til tilraunarinnar sem því nemur.

Kostnaðaráætlun fyrir 1987.


Í viðauka er sett upp kostnaðaráætlun fyrir 1987.

Hún tekur mið af þeirri kostnaðaráætlun sem sett var upp þegar sótt var um verkefnið nema gerð hefur verið endurskoðun á launaliðum o.fl.

Tilraun þessi er eins og áður greindi skipulögð í samráði við Dr. Stefán Aðalsteinsson á Rala og er gert ráð fyrir að

tilraunin verði einnig framkvæmd í samráði við hann. Þykir rétt að sækja um viðbótarfjárveitingu til að efla tölvutengingu milli Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði. Er þar haft í huga að reyna að samtengja Kollafjörð við tölvu Rala. Er þess vænst að þessi tölvutenging nytist í fiskeldisrannsóknum á Rala og í Kollafirði í framtíðinni. Einnig er gert ráð fyrir 0,167 stöðu í 12 mánuði á Rala til að próa hugbúnað fyrir þessar rannsóknir. Óskað eftir því að Rannsóknarsjóður styrki þessa stöðu að hálfu leiti.

Í viðauka 3 er upphafleg kostnaðaráætlun frá 1986. Í henni er gert ráð fyrir að Rannsóknarsjóður greiði um 543.000 kr. í styrk fyrir árið 1987. En eins og sést í viðauka 2 er þessi kostnaður áætlaður mun hærri eða 1087.163 kr. Stafar það fyrst og fremst af því að vanreinknuð voru laun og launatengd gjöld og einnig bætist við styrkumsókn vegna þátttöku Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins í tilrauninni.



Jónas Jónsson
Verkefnisstjóri

TILRAUN MEÐ FJÖLSKYLDUMUN OG KERJAAHRIF A
ENDURHEIMTUR LAXA UR HAFBEIT

Tilgangur

Tilgangurinn með tilrauninni er að kanna mismun milli alsystkinahópa í endurheimtum og vexti í sjó, jafnframt því sem kannaður verði sá mismunur sem fram kann að koma milli undirhópa alsystkina, sem alin eru upp í mismunandi kerjum frá frumfóðrun til merkingar, svokölluð kerjaáhrif.

Tilraun sú sem hér er lýst er ekki stór í sniðum, enda er henni einkum ætlað að gefa upplýsingar um þætti sem varða undirbúning að hafbeitarkynbótum.

Í því sambandi er mjög mikilvægt að fá einhverja vitneskju um það hversu mikill munur getur orðið á milli einstakra seiðahópa eftir því hvaða skilyrði þeim eru búin á seiðastigi.

Þá á tilraunin að geta gefið nokkra hugmynd um það hversu mikill munur getur orðið milli einstakra alsystkinahópa í endurheimtum og vexti í sjó.

Að lokum er rétt að benda á, að með tilraun eins og þeirri sem hér er lýst fæst veigamikil reynsla af framkvæmd tilraunastarfs í hafbeitarkynbótum, sem nauðsynlegt er að afla, áður en hafist verður handa um slíka starfsemi í stærri stíl.

Efniviður

Tiltækur efniviður í tilraunina eru 34 alsystkinahópar (fjölskyldur) af Kollafjarðarstofni, eins og sýnt er í 1. töflu.

1.tafla. Skipting tiltækra alsystkinahópa eftir dvalartíma foreldra í sjó

Dvöl hrygna í sjó	Dvöl hænga í sjó				Samtals	
	Tvö ár		Eitt ár		Hrygnur	Hængar
	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Hængar
Tvö ár	7	3	10	8	17	11
Eitt ár			17	10	17	10
Samtals	7	3	23	18	34	17

Í 2. töflu er sýnt hvaða alsystkinahópar verða valdir í tilraunina undan foreldrum sem verið hafa eitt eða tvö ár í sjó.

2.tafla. Skipting alsystkinahópa í tilraun eftir dvalartíma foreldra í sjó

Dvöl hrygna í sjó	Dvöl hænga í sjó				Samtals	
	Tvö ár		Eitt ár		Hrygnur	Hængar
Tvö ár	2	2	3	3	5	5
Eitt ár			5	5	5	5
Samtals	2	2	8	8	10	10

Frankvæmd

Hverjum alsystkinahóp (fjölskyldu) verður skipt í tvennt við frumfóðrun og hvor undirhópur um sig fóðraður frá byrjun sér í kerri allt fram að merkingu. Við val á hópum undan hrygnum sem hafa verið eitt ár í sjó sé þess gætt að hrognafjöldi sé nægur til þess að fá a.m.k. 2000-2500 kviðpokaseiði í hvorn undirhóp. Undan eldri hrygnunum komi a.m.k. 3000 kviðpokaseiði í hvorn undirhóp.

Seiðahóparnir séu síðan aldir hver í sínu kerri, (20 ker alls) fram að merkingu, sem fer fram þegar seiðin hafa náð ca. 15 gramma þyngd að meðaltali. Við merkingu skal merkja sem næst helming seiðanna úr hverju kerri og skal þá leitast við að merkja þyngri hluta þeirra. Miða skal við að merkja aldrei færri en 1000 seiði úr hverjum undirhóp.


Eitthundrað seiði úr hverjum undirhópi skulu auk örmerkjana merkt með uggaklippingum og utanálíggjandi merkjum til að kanna endurheimtur á slíkum merkjum úr hafbeiti. Örmerki þeirra seiða sem fá ytri merkingu skulu skráð sérstaklega til þess að hægt verði að sjá hve hátt hlutfall ytri merkja tapast í hafi.


Eftir merkingu skulu allir seiðahópar sem sleppa á í hafbeiti aldir saman.

Seiði til sleppingar í hafbeiti skal merkja með örmerkjum. Gönguseiðum skal sleppa í hafbeiti eigi síðar en um mánaðamótin maí-júní, 1988.

Eitthundrað stærstu seiðin úr hverjum systkinahóp skulu merkt með uggaklippingum og utanálíggjandi merkjum. Þessir hópar skulu aldir saman í kerri frá merkingu. Þessum seiðum verði haldið eftir í eldi til haustsins 1989 í sjókeri á landi.

Reykjavík 20. janúar, 1987


Jónas Jónsson



Stefán Aðalsteinsson

KOSTNAÐARÁÆTLUN VEGNA TILRAUNAR Í HAFBEIT 1987.

VÍÐAUKI 2

HLUTDEILD STOFNANA:

	TOTAL	LR	VMST	RR	RALA
<u>LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD.</u>					
0,5 STAÐA FYRIR ELDISMANN Í KOLLAFIRÐI Í 12 MÁNUÐI.	330.000			330.000	
0,5 STAÐA FYRIR SÉRFRÆÐING Í 1 ÁR.	480.000		240.000	240.000	
0,167 staða vegna hugbúnaðar til tölvuvinnslu í Kollafjörð og á Rala	160.000			80.000	80.000
<u>STOFNKOSTNAÐUR</u>					
30.000 MERKI	210.000		210.000		
Kaup á mótöldum á Rala og í Kollafjörð	120.000			120.000	
<u>REKSTURSKOSTNAÐUR.</u>					
Skuld frá fyrra ári	8.163			8.163	
FÓÐUR CA. 3 TONN.	189.000			189.000	
AÐSTAÐA Í KOLLAFIRÐI.	300.000	250.000			
BIFREIÐAKOSTNAÐUR.	50.000		50.000		
FERÐAKOSTNAÐUR STARFSMANNA.	80.000			80.000	
ÓFYRIRSÉÐ AF REKSTRARKOSTNAÐI (ca. 15%)	40.000			40.000	
<u>NIÐURSTÖÐUTÖLUR</u>	<u>1917.163</u>	<u>250.000</u>	<u>500.000</u>	<u>1087.163</u>	<u>80.000</u>


JÓNAS JÓNASSON.
 Verkefnisstjóri

UPPHAFLEG
KOSTNAÐARÁÆTLUN

TÍMAÁÆTLUN

Byrjun 09-86 Lokib 09-90

KOSTNAÐARLIÐIR:

(Hér færast heildarkostnaðir vegna hvers árs)

Laun og tengd gjöld:

Áætlun vinnar:

	1986	1987	1988	89-90	Alls
Mann- mátt.	4	12	10	18	44

Reksturskostnaður

Stofnkostnaður

Annað

ALLS

UNDIRVERKEFNI:

Nr. Heiti Ábyrgðarm.

1.	_____	_____
2.	_____	_____
3.	_____	_____
4.	_____	_____
5.	_____	_____
6.	_____	_____

ALLS

FJÁRMÖGNUN:

Frá Rannsóknaráði (samkv. umsóknum)

Eigið fé

Frá öðrum:

Veidimálastofnun

Laxeldisstöð Ríkisins

ALLS

Umsóknar- ár	Síðari ár (Ekk. sótt um mátt)				Alls p. kr.
	1986 p. kr.	1987 p. kr.	1988 p. kr.	1989-90 p. kr.	
168	506	426	740	1840	
50	420	280	200	950	
300		760		1060	
518	926	1466	940	3850	
474	543	998	455	2470	
44	133	393	170	740	
	250	75	315	640	
518	926	1466	940	3850	